

# Stjórnarfundur Geðhjálpar 17.09.2015

**Mættir:** Hrannar, Sveinn Rúnar, Anna Gunnhildur, Einar Kvaran, Sylviane, Maggý, Bergþór, Halldóra og Védís.

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar. Undirritun fundargerða (SHB).**  
Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fundargerð og nokkrar eldri fundargerðir undirritaðar.
- 2. Umfjöllun um þingsályktunartillögu um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun (HJ)**  
Samþykkt að kanna hvort önnur félög hafi áhuga á samráði um fund/opin umræðuvettvang um drög að þingsályktun um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun. Erindið verður borið upp á samráðsvettvangi úrræða.
- 3. Geðhjálparkór (EK).**  
Vel tekið í hugmynd EK um stofnun Geðhjálparkórs, stefnt að því að athuga undirtektir í búsetukjörnum Reykjavíkurborgar og bæta síðan við þátttakendum úr röðum Geðhjálpar.
- 4. Bein útsending frá breskri ráðstefnu um aukna lyfjanotkun (HJ).**  
Bein útsending Geðhjálpar á ráðstefnunni *More Harm than Good* kynnt. Útsendingin fer fram í húsakynnum Geðhjálpar 18. September. Fjallað var um ráðstefnuna í morgunútvarpi Rásar 2 um morguninn.
- 5. Haustdagskrá, ráðstefna o.fl. (HJ, AGÓ).**  
Dagskráin lögð fram, rædd og samþykkt.
- 6. Aðalfundur ÖBÍ (HJ, AGÓ).**  
Fulltrúar Geðhjálpar á aðalfundi ÖBÍ rifjaðir upp, rætt um breytingar innan ÖBÍ, formannskjör og framboð Maggýjar í aðalstjórn og varastjórn.
- 7. 10. október (BB).**  
Undirbúningsvinna kynnt fyrir stjórn. Fyrirhuguð er skemmtidagskrá í Kringlunni 10. okt og upphitun í útvarpshúsinu á undan. Stjórn Styrktarfélags 10. október er enn óbreytt, slagorð 10. okt – er Virðing í verki. Hugmynd að nýta mynd Maríönnu Friðjónsdóttur um geðheilsu frá 1981 í tengslum við daginn. Í ár eru 10 ár frá því að Ingibjörg Pálmadóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, átti frumkvæði að því að 10. okt yrði helgaður geðheilbrigðismálum hér á landi. Stungið upp á því að nota hluta af 10. okt styrk í að uppfæra netsíðu.
- 8. Skýrsla til Reykjavíkurborgar um starfsemina 2015 (AGÓ).**  
Skýrslan kynnt og ánægju lýst með góða virkni í félaginu.

**9. Hálfársuppgjör (HJ, AGÓ).**

Uppgjör lagt fram og kynnt.

**10. Útmeð'a, myndbandsgerð, forvarnardagur sjálfsvíga 10. september (HJ, AGÓ).**

Myndbandið hefur fengið 8.500 deilingar á þriðja degi. Átakið er næst stærsta rafræna herferðin á netinu hingað til. Mikil almenn ánægja er í athugasemdum við myndbandið. Mikil aukning hefur verið hjá 1717 í kjölfar myndbandsins.

**11. Önnur mál.**

Stungið er upp á því að Geðhjálp taki að sér fræðsluhlutverk í skólum. Vel tekið í þetta. (Halldóra).

Birgitta Jónsdóttir, alþingiskona Pírata, hefur lagt fram þingsályktunartillögu varðandi meðferð á sviptum einstaklingum. Lagt er til að ályktunin verði skoðað nánar innan stjórnar. Lagt er til að beiðni Jóns Snorrasonar um þátttöku notenda í rannsókn, vegna beitingu líkamlegrar nauðungar, verði skoðuð í þessu samhengi. (Hrannar).

Búið er að boða Geðhjálp á óformlegan samráðsfund vegna nauðungarvistunnar 29. september. Hrannar stingur upp á að auk þeirra Önnu Gunnhildar sæki Sveinn Rúnar fundinn fyrir hönd Geðhjalpar (Anna Gunnhildur).

Framkvæmdastjóri framsendir drög að fjölskyldustefnu til stjórnar til umsagnar. Umsagnarfrestur er til 2. október. (Anna Gunnhildur)

Hrannar óskar eftir að annar taki að sér að vera fulltrúi Geðhjalpar í velferðarvaktinni. Védís verður aðalfulltrúi og Einar Kvaran varamaður hennar (Hrannar).

Rætt um hvort styrkja eigi útgáfu bókar um reynslu notanda. Lagt til að málið verði kynnt betur og rætt á komandi stjórnarfundum (Hrannar).

**Fundi var slitið um kl. 19.15.**